

Kennsluaðferðir og skipulag:

Íslenskukennslan er að hluta skipulögð samhliða samfélagsfræði og upplýsingamennt, þar sem hugmyndafræði Byrjendalæsis og Orð af orði er notuð. Hringekju og áhugasviðsvinna er hluti af þessu skipulagi. Lögð er áhersla á að málfræðikunnátta nýtist við ritun og er því mikilvægur þáttur í náminu.

Lestur er mikilvægur, bæði yndisleslestur og upplestur þar sem börnin þjálfast í framsögn. Taka þátt í upplestrarkeppni innan skólans.

Námsmat byggir á könnunum og símati jafnt og þétt yfir annirnar tengt hverjum efnisþætti fyrir sig.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Málfræði og stafsetning.	Orðspor 1 vinnubók Verkefni þar fyrir utan valin af kennara eftir þörfun hvers og eins.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kunni stafrófið og geti raðað í stafrófsröð.</li> <li>• Þekki sérhljóða og samhljóða.</li> <li>• Þekki hugtökin samheiti og andheiti.</li> <li>• Kynnist og geri sér grein fyrir mismunandi hlutverkum nafnorða, sagnorða og lýsingarorða               <ul style="list-style-type: none"> <li>○ <i>Nafnorð Geti greint mun á sérnöfnum og samnöfnum.</i></li> <li>○ <i>Eintölu og fleirtölu</i></li> <li>○ <i>Kyni</i></li> <li>○ <i>Falli</i></li> <li>○ <i>Stofn</i></li> <li>○ <i>Lýsingarorð stigbreyting þeirra</i></li> <li>○ <i>Sagnorð átti sig á nútíð og þátíð.</i></li> </ul> </li> <li>• Geti skipt eigin texta niður í málsgreinar með hjálp punkta og stórra stafa.</li> <li>• Kynnist því að fletta upp í orðabókum.</li> </ul>	Símat og umsögn á vinnu í verkefnabók. Stuttar kannanir úr því efni sem verið er að vinna með þá stundina. Mat á hópavinnu

	Mál til komið og ýmis konar námsefni og verkefni frá kennara.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og hafi náð nokkru valdi á þeim.</li> </ul>	Könnunarpróf í stafsetningu að hausti. Stafsetning-20 orða listar í lok hvorrar annar. Reglulegt mat á unnum verkefnum.
Bókmenntir, ritun og skrift.	Unnið er með bókmenntatexta, fræðitexta og ljóð. <i>Flökkuskinna, Söguskinna og Töfraskinna - bókmenntir fyrir miðstig. Orðspor 1 lesbók</i> Skrift 5	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýti sér hugtökin upphaf, miðja og endir við ritun.</li> <li>• Vinni með persónusköpun, umhverfi og tíma.</li> <li>• Finni aðalatriði úr texta og vinni útdrætti.</li> <li>• Kynnist því að skrifa texta á tölvu og geti beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.</li> <li>• Kynnist því að skrifa mismunandi stíl sem hentar efni og viðtakandum.</li> <li>• Geti valið sér lesefni eftir áhuga og getu og þjálfist í að gera öðrum grein fyrir</li> <li>• Dragi rétt til stafs</li> <li>• Noti rétt grip</li> <li>• Þjálfist í góðum skriftahraða, skrifi læsilega og vandi frágang.</li> </ul>	Staða í skrift og ritun er mæld reglulega.
Lestur – lesskilningur og yndislestur.	Yndislestrarbækur, hljóðbækur, lestrarbækur og annar bókmenntatexti. Fyrsti Smellur - æfingabók í læsi.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Öðlist góðan lesskilning, orðaforða og málskilning</li> <li>• Geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur verði lipur og skýr.</li> </ul>	5. bekkur Orðarún - lesskilningur Lesferill - stöðluð próf í lestri lögð fyrir þrisvar á hverju skólaári.
Talað mál, hlustun og áhorf	Þemaverkefni/ áhugasviðsverkefni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjái sig á fjölbreyttan máta fyrir framan bekkjarfélag og stærri hópa.</li> </ul>	Taka þátt í upplestarkeppni innan skólans

	<p>Bekkjarfundir og samræður.</p> <p>Verkefni þar sem nemendur kynna verk sín munnlega</p> <p>Upplstur og fræðsluefni af ýmsum toga.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti átt í samræðum og rökræðum við bekkarfélagana og fundið ásættanlega niðurstöðu.</li> <li>• Geti talað skýrt og áheyrilega</li> <li>• Geti sagt frá atburðum úr eigin lífi, endursagt og svarað spurningum úr efni sem hann hefur hlustað á.</li> <li>• Horfi á fræðslu og skemmtiefni með athygli og vinni úr upplýsingum sem þar koma fram.</li> <li>• Geti farið eftir munnlegum fyrirmælum, þjálfist í að eiga góð samskipti, hlusta og sýna kurteisi.</li> </ul>	
--	--	--	--

Námsgrein: Íslenska

Bekkur: 6.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Íslenskukennslan er að hluta skipulögð samhliða samfélagsfræði og upplýsingamennt, þar sem hugmyndafræði Byrjendalæsis og Orð af orði er notuð. Hringekju og áhugasviðsvinna er hluti af þessu skipulagi. Lögð er áhersla á að málfræðikunnátta nýtist við ritun og er því mikilvægur þáttur í náminu.

Lestur er mikilvægur, bæði yndisleslestur og upplestur þar sem börnin þjálfast í framsögn. Taka þátt í upplestrarkeppni innan skólans.

Námsmat byggir á könnunum og símati jafnt og þétt yfir annirnar tengt hverjum efnisþætti fyrir sig.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
--------------	----------	---------------------	-----

<p>Málfræði og stafsetning.</p>	<p>Orðspor 2 – vinnubók. Verkefni þar fyrir utan valin af kennara eftir þörfun hvers og eins.</p> <p>Mál í mótun og ýmis konar námsefni og verkefni frá kennara.</p>	<p><u>Stafrófsröð</u> Að nemendur: -þjálfí stafrófsröðina og átti sig á mikilvægi og þægindum af því að kunna hana.</p> <p><u>Nafnorð</u> Að nemendur: -rifji upp einkenni nafnorða og átti sig á stöðu þeirra í tungumálinu</p> <p><u>Lýsingarorð</u> Að nemendur: -læri um einkenni lýsingarorða og stöðu þeirra í tungumálinu</p> <p><u>Sagnorð</u> Að nemendur: -læri um einkenni sagnorða og stöðu þeirra í tungumálinu</p> <p>Stafsetning: Hv- og kv reglan N og NN i endingu orða Sagnorð verður hvenkyns nafnorð og „steins“ reglan UNN orðin</p> <p><u>Stafsetning</u> Að nemendur: -Geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og hafi náð nokkuð góðu valdi á þeim.</p>	<p>Símat og umsögn á vinnu í verkefnabók. Stuttar kannanir úr því efni sem verið er að vinna með þá stundina. Mat á hópavinnu.</p> <p>Könnunarpróf í stafsetningu að hausti. Stafsetning-20 orða listar í lok hverrar annar. Reglulegt mat á unnum verkefnum.</p>
---------------------------------	--	---	---

Bókmenntir, ritun og skrift.	Unnið er með bókmenntatexta, fræðitexta og ljóð. <i>Flökkuskinna, Söguskinna og Töfraskinna - bókmenntir fyrir miðstig. Orðspor 2 - lesbók Skrift 6</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýti sér hugtökin upphaf, miðja og endir við ritun.</li> <li>• Vinni með persónusköpun, umhverfi og tíma.</li> <li>• Finni aðalatriði úr texta og vinni útdrætti.</li> <li>• Kynnist því að skrifa texta á tölvu og geti beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.</li> <li>• Kynnist því að skrifa mismunandi stíl sem hentar efni og viðtakendum.</li> <li>• Lesið gamlar og nýjar bókenntir þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum.</li> <li>• Geti valið sér lesefni eftir áhuga og getu og þjálfist í að gera öðrum grein fyrir.</li> <li>• Dragi rétt til stafs</li> <li>• Noti rétt grip</li> <li>• Þjálfist í góðum skriftahraða, skrifi læsilega og vandi frágang.</li> </ul>	Staða í skrift og ritun er mæld reglulega.
Lestur – lesskilningur og yndislestur.	Yndislestrarbækur, hljóðbækur, lestrarbækur og annar bókmenntatexti. Fyrsti og Annar Smellur - æfingabækur í læsi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Öðlist góðan lesskilning, orðaforða og málskilning</li> <li>• Geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur verði lipur og skýr.</li> <li>• Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.</li> </ul>	6. bekkur Orðarún - lesskilningur Lesferill - stöðluð próf í lestri lögð fyrir þrisvar á hverju skólaári.
Talað mál, hlustun og áhorf	Þemaverkefni/ á hugasviðsverkefni  Bekkjarfundir og samræður.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjái sig á fjölbreyttan máta fyrir framan bekkjarfélag og stærri hópa.</li> <li>• Geti átt í samræðum og rökræðum við bekkarfélagana og fundið ásættanlega niðurstöðu.</li> </ul>	Taka þátt í upplestarkeppni innan skólans.

	<p>Verkefni þar sem nemendur kynna verk sín munnlega</p> <p>Upplestur og fræðsluefni af ýmsum toga.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti talað skýrt og áheyrilega</li> <li>• Geti sagt frá atburðum úr eigin lífi, endursagt og svarað spurningum úr efni sem hann hefur hlustað á.</li> <li>• Horfi á fræðslu og skemmtiefni með athygli og vinni úr upplýsingum sem þar koma fram.</li> <li>• Geti farið eftir munnlegum fyrirmælum, þjálfist í að eiga góð samskipti, hlusta og sýna kurteisi.</li> </ul>	
--	---	--	--

## Námsgrein: Íslenska

Bekkur: 7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Íslenskukennslan er að hluta skipulögð samhliða samfélagsfræði og upplýsingamennt, þar sem hugmyndafræði Byrjendalæsis og Orð af orði er notuð. Hringekju og áhugasviðsvinna er hluti af þessu skipulagi. Lögð er áhersla á að málfræðikunnátta nýtist við ritun og er því mikilvægur þáttur í náminu.

Lestur er mikilvægur, bæði yndisleslestur og upplestur þar sem börnin þjálfast í framsögn. Taka þátt í upplestrarkeppni innan skólans og Stóru upplestakeppninni.

Námsmat byggir á könnunum og símati jafnt og þétt yfir annirnar tengt hverjum efnisþætti fyrir sig.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
--------------	----------	---------------------	-----

<p>Málfræði og stafsetning.</p>	<p>Orðspor 3 – vinnubók. Verkefni þar fyrir utan valin af kennara eftir þörfun hvers og eins.</p> <p>Mál er miðill og</p>	<p><b>Nafnorð.</b> Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Rifji upp einkenni nafnorða og átti sig á stöðu þeirra í tungumálinu.</li> <li>• Greini kyn, tölu og fall nafnorða í samfelldum texta.</li> <li>• Læri kenniföll og kennimyndir nafnorða.</li> </ul> <p><b>Lýsingarorð.</b> Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Læri um einkenni lýsingarorða og stöðu þeirra í tungumálinu.</li> <li>• Finni stofn lýsingarorða, stigbreyti og fallbeygi þau.</li> <li>• Finni viðeigandi lýsingarorð og geti sett þau inn í eyður í setningum.</li> </ul> <p><b>Sagnorð.</b> Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Læri um einkenni sagnorða og stöðu þeirra í tungumálinu.</li> <li>• Geti beygti sagnorð með fornöfnum og nafnorðum.</li> </ul> <p><b>Fornöfn.</b> Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Læri helstu einkenni fornafna.</li> <li>• Læri persónufornöfn í íslensku.</li> </ul> <p><b>Orðflokkagreining.</b> Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti greint í orðflokka, þ.e. nafnorð, sagnorð og lýsingarorð.</li> </ul> <p><u>Stafsetning</u></p>	<p>7. bekkjar nemendur þreyta samræmt próf í íslensku í september.</p> <p>Símat og umsögn á vinnu í verkefnabók. Stuttar kannanir úr því efni sem verið er að vinna með þá stundina. Mat á hópavinnu.</p>
---------------------------------	---	---	---

	ýmis konar námsefni og verkefni frá kennara.	Að nemendur: -Geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og hafi náð góðu valdi á þeim.	Könnunarpróf í stafsetningu að hausti. Stafsetning-20 orða listar í lok hverrar annar. Reglulegt mat á unnum verkefnum.
Bókmenntir, ritun og skrift.	Unnið er með bókmenntatexta, fræðitexta og ljóð. <i>Flökkuskinna, Söguskinna og Töfraskinna - bókmenntir fyrir miðstig. Orðspor 3 - lesbók Skrift 7</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýti sér hugtökin upphaf, miðja og endir við ritun.</li> <li>• Finni aðalatriði úr texta og vinni útdrætti.</li> <li>• Kynnist því að skrifa texta á tölvu og geti beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda.</li> <li>• Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorn, sögusvið og boðskap.</li> <li>• Lesið gamlar og nýjar bókenntir þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.</li> <li>• Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.</li> <li>• Þjálfist í góðum skriftahraða, skrifi læsilega og vandi frágang.</li> </ul>	Staða í skrift og ritun er mæld reglulega.
Lestur – lesskilningur og yndislestur.	Yndislestrarbækur, hljóðbækur, lestrarbækur og annar bókmenntatexti.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Öðlist góðan lesskilning, orðaforða og málskilning.</li> <li>• Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.</li> </ul>	7. bekkur Orðarún - lesskilningur Lesferill - stöðluð próf í lestri lögð fyrir þrisvar á hverju skólaári.



	Fyrsti, Annar og Þriðju Smellur - æfingabækur í læsi.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.</li> </ul>	
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Þemaverkefni/ áhugasviðsverkefni</p> <p>Bekkjarfundir og samræður.</p> <p>Verkefni þar sem nemendur kynna verk sín munnlega</p> <p>Upplstur og fræðsluefni af ýmsum toga.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjái sig á fjölbreyttan máta fyrir framan bekkjarfélag og stærri hópa.</li> <li>• Geti átt í samræðum og rökræðum við bekkjarfélagana og fundið ásættanlega niðurstöðu.</li> <li>• Geti talað skýrt og áheyrilega</li> <li>• Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.</li> <li>• Geti sagt frá atburðum úr eigin lífi, endursagt og svarað spurningum úr efni sem hann hefur hlustað á.</li> <li>• Horfi á fræðslu og skemmtiefni með athygli og unnið úr upplýsingum sem þar koma fram.</li> <li>• Geti farið eftir munnlegum fyrirmælum, þjálfist í að eiga góð samskipti, hlusta og sýna kurteisi.</li> </ul>	Taka þátt í upplestarkeppni innan skólans og Stóru upplestarkeppninni.

## Námsgrein: Stærðfræði

Bekkur: 5.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í stærðfræði er beitt beinni kennslu, sýnikennslu, einstaklingsvinnu og samvinnunámi. Nemendur fá áætlanir frá kennara þar sem leitast er við að miða við stöðu hvers og eins. Upptalningin hér á eftir segir ekki endilega til um í hvaða röð efnisþættir verða teknir fyrir.

Námsmat byggir á áfangaprófum í lok hvers kafla, stuttum prófum sem mæla ákveðna hæfnisþætti auk vinnueinkunnar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Fléttað inn í öll viðfangsefni		<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína og beitt ígrundun og rökstuðningi</li> <li>-geti tjáð sig munnlega og skriflega um viðfangsefni stærðfræðinnar</li> <li>-geti sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan máta og beitt skapandi hugsun</li> <li>-geti útskýrt fyrir öðrum og fylgst með útskýringum annarra</li> </ul>	
Heilar tölur	Stika 1a	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-kunni skil á sætiskerfi heilla tala og brota, á negatífum tölum og pósitoífum og geti staðsett tölur á talnalínu.</li> <li>-kunni að beita samlagningu og frádrætti fjögurra stafa talna og beitt þeim við daglegar aðstæður.</li> <li>-Geti námundað og beitt slumpreikningi</li> <li>-þekki tengsl margföldunar og deilingar og hvernig þessar aðferðir tengjast endurtekningu í samlagningu og frádrætti.</li> </ul>	<p>-Áfangapróf í lok hvers kafla.</p> <p>-Stutt verkefni/próf munnleg, skrifleg eða rafræn, tengd ákveðnum hæfniviðmiðum.</p> <p>-Vinna metin jafnt og þétt.</p>

		-þekki mismunandi aðferðir við að beita margföldun og deilingu.	
Tölfræði	Stika 1a	Að nemendur: -geti gert kannanir sem byggja á spurningum og talningu, flokkað upplýsingar og lýst niðurstöðum gagna með myndritum, miðgildi og tíðasta gildi. -geti notað stafræn hjálpartæki við tölfræðilegar kannanir.	
Tugabrot	Stika 1a	Að nemendur: - Þekki stöðu tíundu og hundraðshluta í sætiskerfinu og geti staðsett á talnalínu - Geti beitt samlagningu og frádrætti í tugabrotum með mismunandi leiðum.	
Rúmfræði	Stika 1a	Að nemendur: -þekki helstu þríhyrninga og ferhyrninga og eiginleika þeirra (s.s. hornasummu, horn og lengdir). -geti hliðrað, speglað og snúið myndum í fleti. -þekki helstu horn (45°, 90° og 180°), hugtökin hvasst, gleitt og rétt horn og geti mælt stærð horna með gráðuboga.	

Mælingar	Stika 1b	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-þekki helstu mælieiningar í tengslum við lengd, flatarmál og ummál og geri sér grein fyrir hvaða mælieining hentar hverju sinni.</li> <li>-skilji flatarmálmælingar</li> <li>-þekki tengsl milli lengdar breiddar og flatarmáls rétthyrninga</li> <li>-kunni að reikna flatarmál þríhyrninga .</li> </ul>	
Almenn brot	Stika 1b	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-geti fundið hluta út frá þekktri heild</li> <li>-þekki hugtökin teljari, nefnari og almennt brot</li> <li>-kunni að tákna almenn brot með ýmsum hætti og bera saman stærð þeirra</li> <li>-geti beitt smalagningu og frádrætti við almenn brot</li> <li>-geti lýst tengslum tíundahluta í almennum brotum og tugabrotum</li> <li>-kynnist tengslum almennra brota og prósentu.</li> </ul>	
Margföldun og deiling	Stika 1b	Að nemendur:	

		<ul style="list-style-type: none"> <li>-Nái tókum á hefðbundinni reikningsaðferð í margföldun tveggja stafa talna</li> <li>-Prófi með sér þá aðferð við margföldun og deilingu sem þeim hentar</li> <li>-Geri sér grein fyrir að víxlregla gildir í margföldun</li> <li>Geti skipt margföldunardæmum upp í auðveldar einingar</li> <li>-geri sér grein fyrir tengslum margföldunar og deilingar</li> <li>-læri að nota margföldun í töflureikni.</li> </ul>	
Mynstur	Stíka 1b	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-þekki hugtökin hliðrun, speglun og snúning og kunni að beita þeim aðgerðum.</li> <li>- geti kannað, lýst og alhæft um einföld talnamynstur</li> <li>-þjálfist í rökhugsun</li> <li>-þjálfist í rannsóknarvinnubrögðum.</li> </ul>	

Námsgrein: Stærðfræði

Bekkur: 6.

Kennsluáðferðir og skipulag:

Í stærðfræði er beitt beinni kennslu, sýnikennslu, einstaklingsvinnu og samvinnunámi. Nemendur fá áætlanir frá kennara þar sem leitast er við að miða við stöðu hvers og eins. Upptalningin hér á eftir segir ekki endilega til um í hvaða röð efnisþættir verða teknir fyrir.

Námsmat byggir á áfangaprófum í lok hvers kafla, stuttum prófum sem mæla ákveðna hæfnisþætti auk vinnueinkunnar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Fléttað inn í öll viðfangsefni		<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína og beitt ígrundun og rökstuðningi</li> <li>-geti tjáð sig munnlega og skriflega um viðfangsefni stærðfræðinnar</li> <li>-geti sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan máta og beitt skapandi hugsun</li> <li>-geti útskýrt fyrir öðrum og fylgst með útskýringum annarra</li> </ul>	<p>Áfangapróf í lok hvers kafla kafla.</p> <p>-Stutt verkefni/próf munnleg, skrifleg eða rafræn, tengd ákveðnum hæfniviðmiðum</p> <p>-Vinna metin jafnt og þétt.</p>
Tölur og reikningur	Stika 2a	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-geti reiknað með náttúrulegum tölum, þróað lausnaleyðir og skráð svör með tugakerfisrithætti</li> <li>-þrói með sér hentugar aðferðir við samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu</li> <li>-geti leyst viðfangsefni úr daglegu lífi og beitt bæði nákvæmni og slumpreikningi</li> </ul>	

		-geti beitt reikniaðferðum við pósítifar og negatífar tölur	
Líkur	Stika 2a	Að nemendur: - geti tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur -geti gert einfaldar tilraunir með líkur og dregið ályktanir út frá þeim -geti reiknað líkur í einföldum tilvikum	
Tugabrot	Stika 2a	Að nemendur: -geti notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman eftir stærð -geti reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum -geti notað tugabrot og beitt við þau helstu reikniaðgerðum -geti notað tugkerfisrithátt og sýnt að þeir skilji sætiskerfi.	
Rúmfræði	Stika 2a	Að nemendur: -geti notað hugtök úr rúmfræði, gert líkön og skýringamyndir -þekki tvívíð og þrívíð form og eiginleika þeirra	
Mælingar	Stika 2b	Að nemendur: -geti unnið með mælikvarða	

		-þekki og geti beitt mælieiningum metrakerfisins við lengdar-þyngdar- og rúmmálsmælingar	
Almenn brot	Stika 2b	Að nemendur: -geti notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman eftir stærð -geti reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum -geti notað almenn brot og beitt við þau samlagningu, frádrætti og margföldun -geti stytt og lengt almenn brot	
Margföldun og deiling	Stika 2b	Að nemendur: -kynnist skriflegum reikniaðferðum í margföldun og deilingu og þrói með sér lausnaleyðir sem byggja á eigin skilningi -leysi viðfangsefni sprottin úr daglegu lífi með hugarreikningi, skriflegum útreikningum og vasareikni -skilji uppbyggingu margföldunartöflu og tileinki sér vinnu með hana	
Hnitakerfi og hlutföll	Stika 2b	Að nemendur: -geti tjáð stærðir og hlutföll og beitt einföldum hlutfallareikningi	



Kennsluaðferðir og skipulag:

Í stærðfræði er beitt beinni kennslu, sýnikennslu, einstaklingsvinnu og samvinnunámi. Nemendur fá áætlanir frá kennara þar sem leitast er við að miða við stöðu hvers og eins. Upptalningin hér á eftir segir ekki endilega til um í hvaða röð efnisþættir verða teknir fyrir.

Námsmat byggir á áfangaprófum í lok hvers kafla, stuttum prófum sem mæla ákveðna hæfnisþætti auk vinnueinkunnar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Fléttað inn í öll viðfangsefni		<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína og beitt ígrundun og rökstuðningi</li> <li>-geti tjáð sig munnlega og skriflega um viðfangsefni stærðfræðinnar</li> <li>-geti sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan máta og beitt skapandi hugsun</li> <li>-geti útskýrt fyrir öðrum og fylgst með útskýringum annarra</li> </ul>	<p>Áfangapróf í lok hvers kafla kafla.</p> <p>-Stutt verkefni/próf munnleg, skrifleg eða rafræn, tengd ákveðnum hæfniviðmiðum.</p> <p>-Vinna metin jafnt og þétt.</p>
Tölur	Stika 3a	Að nemendur:	

		<ul style="list-style-type: none"> <li>-geti notað tugkerfisrithátt og sýnt að þeir skilji sætiskerfi</li> <li>-geti beitt samlagningu og frádrætti á stórar og litlar tölur</li> <li>bæði pósítífar og negatífar</li> <li>-</li> </ul>	
Tölfræði og líkur	Stika 3a	<p>Að nemendur :</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-geti framkvæmt einfaldar tölfræðilegar rannsóknir, unnið með niðurstöður og lesið úr mismunandi myndritum.</li> <li>-safnað gögnum og miðlað upplýsingum með mismunandi myndritum</li> <li>-þekki hugtökin tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal og geti unnið með þau</li> <li>-geti reiknað einfaldar líkur og dregið ályktanir af þeim út frá tilraunum og í daglegu lífi</li> </ul>	
Margföldun og deiling	Stika 3a	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-geti beitt margföldun og deilingu með ræðum tölum (tugabrot)</li> <li>-geti tjáð stærðir og hlutföll</li> <li>- læri að beita svigum við útreikninga</li> </ul>	
Rúmfræði	Stika 3a	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-geti áætlað og mælt horn og reiknað stærð þeirra</li> </ul>	

		<ul style="list-style-type: none"> <li>-þekki hugtökin grannhorn og topphorn og eiginleika þeirra</li> <li>-þekki undirstöðuhugtök rúmfræðinnar og eiginleika þeirra og geti unnið með þau (miðja hrings, geisli, þvermál, ummál, geiri, samsíðalínur, hliðarlengd, einslaga myndir, mælikvarði)</li> </ul>	
Mælingar	Stika 3b	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-þekki undirstöðuhugtök í rúmfræði ( ummál, flatarmál, yfirborðsflatarmál, rúmmál) og geti unnið með þau</li> <li>-geti áætlað og mælt tíma, vegalengdir og hraða og unnið með þau.</li> </ul>	
Almenn brot	Stika 3b	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-geti unnið með almenn brot, sem hluta fa heild og hluta af safni</li> <li>-geti beitt samlagningu, frádrætti og margföldun á almenn brot</li> <li>-geti notað almenn brot og prósentur við útreikninga og þekki tengslin þar á milli</li> </ul>	
Reikningur	Stika 3b	<p>Að nemendur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-geti notað prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum</li> </ul>	

		-geti beitt námundun og slumpreikningi -geti beitt samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu með ræðum tölum -geti nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna	
--	--	--	--

## Námsgrein: Enska

Bekkur: 4.-5.

### Kennsluaðferðir og skipulag

Kennslan einkennist af söngvum, leikjum og öðrum verkefnum. Unnið er með fjölmörg og fjölbreytileg verkefni sem tengjast hlustun, skilningi, samskiptum og frásögn. Nemendur vinna sjálfstætt, í pörum eða litlum hópum. Unnið er út frá markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla.

### Námsgögn

4. – 5. bekkur: Bókaflokkurinn *Portfolio- Speak out, Work out*, léttlestrarbækur og ýmis verkefni er taka mið af þörfum og stöðu nemenda.

Aukabækur: Hickory, Dickory, Dock og frjálslestrarbækur.

Tvær kennslustundir á viku.

Námsmat - Umsagnir á annarskilum sem byggja á áhuga, virkni, framförum og vinnubrögðum nemanda.

<b>Viðfangsefni</b>	<b>Hæfnimarkmið við lok 4. bekkjar</b>
<b>Hlustun</b>	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Skilji einfalt mál er varðar hann sjálfan og nánasta umhverfi</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum t.d. með stuðningi mynda</li> </ul>
<b>Skilningur</b>	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>▪ lesið og skilið megininntak í stuttum texta með grunnorðaforða daglegs lífs</li> <li>▪ lesið sér til gagns og gamans stuttar og einfaldar bækur/fræðsluefni og rætt efni þeirra með stuðningi kennara og samnemenda</li> </ul>
<b>Samskipti</b>	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>▪ haldið uppi einföldum samræðum við samnemendur sína</li> <li>▪ spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst</li> <li>▪ tekið þátt í einföldum leikjum sem krefjast samskipta og samtalsæfingar</li> </ul>
<b>Frásögn</b>	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>▪ lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt</li> <li>▪ lýst atburðum á einfaldan hátt hvort sem það er með stuðningi mynda, hluta eða tónlistar</li> <li>▪ sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa</li> </ul>
<b>Ritun</b>	<p>Að nemandi geti skrifað stuttan samfelldan texta , tengt saman setningar og stafsett flest algegnustu orðin</p>

Kennsluaðferðir og skipulag:

Unnið verður í bókinni Portfolio Build up 1 og 2 hjá 6 bekk. Einnig verður unnið í aukabókum s.s. Hickory, Dickory, Dock í vetur

Nemendur útbúa sína eigin vinnubók og bæta við hana smátt og smátt. Þeir fá í upphafi vetrar auða stílabók sem fyllist af texta og úrklippum sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni. Einnig verða unnin verkefni þar sem nemendur útbúa til dæmis veggspjöld og vinna með tungumálið á annan hátt en í stílabókinni. Við beitungum samræðum á ensku í öllum tímum, þar sem einungis má tala ensku, og þannig fá allir æfingu og sjálfsöryggi við að tjá sig.

Námið er einstaklingsmiðað og nemendur hvattir áfram í námsframvindu.

Orðaforði hverju sinni er unninn í sameiningu uppi á töflu með glósum og hugstormun. Þar setur kennari ákveðinn orð sem eiga að fara í stílabók og er nemendum ávallt frjálst að bæta við þann lista eins og þeir vilja og auka þar með þekkingu sína. Einnig verður farið í bókina Ready for Action

Aukabækur: Hickory, Dickory, Dock og frjálslestrarbækur.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Introduction - Kynning	Forsíða í stílabók útfyllt með persónulegum upplýsingum.	Nemandi getur: - skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum og athöfnum.	- Kennari metur vinnu og virkni nemenda í kennslustundum. - Vinnubók metin. - Verkefni metin. - Kannanir

		<ul style="list-style-type: none"> <li>- fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni og notað sér upplýsingar í eigin verkefni.</li> <li>- lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.</li> <li>- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem honum stendur næst.</li> <li>- skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.</li> <li>- tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</li> <li>- flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta.</li> <li>- skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við.</li> <li>- lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.</li> <li>- samið stuttan texta frá eigin brjósti.</li> <li>- tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.</li> <li>- tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið</li> </ul>	<p>- Munnleg próf</p>
--	--	--	-----------------------

		tillit til þess sem aðrir hafa að segja. - nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.	
Colours - Litir	Helstu litir glósaðir upp.		
Numbers - Tölurnar	Tölurnar frá 1-100. Spilað Bingó.		
Days, months and seasons – Dagar, mánuðir og árstíðir	Heiti daga, mánuða og árstíða glósuð í stílabók.		
Clothes - Föt	Orðaforði yfir fatnað glósaður upp. Nemendur klippa út fatnað og líma í stílabókina sína.		
Body parts – Líkamshlutar	Líkami teiknaður eða klipptur út af blaði frá kennara og líkamshlutar merktir inn.		
Family - Fjölskyldan	Orðaforði tengdur fjölskyldu glósaður. Nemendur útbúa ættartré.		
The home – Heimilið og húsgögn	Hópavinna. Nemendur útbúa hús og innrétta. Merkja inn heiti.		
Animals - Dýr	Orðaforði yfir dýr glósaður upp. Nemendur velja sér eitt dýr til að gera verkefni um.		
Food and drink – Matur og drykkir	Orðaforði yfir mat og drykk glósaður upp.		



	Nemendur segja frá uppáhalds matnum sínum.		
Feelings - tilfinningar	Orðaforði tengdur tilfinningum glósaður upp. Nemendur vinni með tilfinningar og að koma orðum að hvernig þeim líði.		
Weather - veður	Unnið með algeng veðurheiti.		
Time - tíminn	Tímahugtök og tölur		
Hobbies - áhugamál	Orðaforði tengdur áhugamálum. Unnið út frá áhugasviði nemendahópsins.		
Christmas vocabulary – Jóla orðaforði	Hugstormun um jól á töflu og ensk heiti fundin. Ýmis verkefni		
Verkefni, málfræði og hlustun	Ready for Action		

### Kennsluaðferðir og skipulag:

Í kennslunni er reynt að nota margskonar kennsluaðferðir sem saman stuðla að því að nemendur öðlist færni í að nota tungumálið á fjölbreytilegan máta. Ýmist er unnið markvisst í kennslubókum, farið í leiki sem reyna á samskiptahæfni, athyglisgáfu og hlustun og unnin ýmiskonar verkefni í hópum eða einstaklingslega. Í lok hverrar annar er ýmist próf eða verkefnaskil. Við beitum samræðum á ensku í öllum tímum, þar sem einungis má tala ensku, og þannig fá allir æfingu og sjálfsöryggi við að tjá sig.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Hlustun	Action lesbók, verkefnabók og hljóðefni	<b>Að nemendur:</b> -geti skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og viðfangsefnum námsins.	Verkefnaskil. Vinnubrögð og ástundun. Kannanir og próf

	einnig Portfolio speak out 2. Málfræðiverkefni tekin saman af kennara Orðabækur	-geti fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni sem höfðar til þeirra og sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. - geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við þeim með orðum eða athöfnum.	
Lesskilningur	Léttlestrarbækur		
Samskipti	Önnur verkefni frá kennara		
Frásögn og ritun			

## Námsgrein: Danska

Bekkur: 7. bekkur

### Kennsluaðferðir og skipulag:

Í kennslunni er reynt að nota margskonar kennsluaðferðir sem saman stuðla að því að nemendur öðlist færni í að nota tungumálið á fjölbreytilegan máta. Ýmist er unnið markvisst í kennslubókum, farið í leiki sem reyna á samskiptahæfni, athyglisgáfu og hlustun og unnin ýmiskonar verkefni í hópum eða einstaklingslega. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir veturinn.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Hlustun	Tak lesbók, verkefnabók og hljóðefni	<b>Að nemendur:</b> -geti skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um afmarkað efni tengt daglegu lífi og viðfangsefnum námsins.	Verkefnaskil.
Lesskilningur	Málfræðiverkefni tekin saman af kennara Orðabækur	-hafi tileinkað sér orðaforða tengdan afmörkuðum viðfangsefnum (s.s. tengd heimili og fjölskyldu, frítíma og áhugamálum, hugrekki, unglingsárunum, líkama og tilfinningum og mismunandi einstaklingum.)	Vinnubrögð og ástundun.
Samskipti	Léttlestrarbækur Önnur verkefni frá kennara Kvikmyndir með dönskum texta og tali.	- geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við þeim með orðum eða athöfnum.	-Stutt verkefni/próf munnleg, skrifleg eða

Frásögn og ritun	Verkefni af vef.	-geti lesið, skilið og rætt um léttan texta -geti unnið saman að úrlausn verkefna -geti sagt frá á einfaldan máta, jafnt í töluðu sem rituðu máli -geti notað orðabók (rafræna og/eða í bókarformi) til aðstoðar í verkefnum -tileinki sér réttan framburð	rafræn, tengd ákveðnum hæfniviðmiðum.  Kannanir og próf.
------------------	------------------	--	--

## Námsgrein: Samfélagsgreinar

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Samfélagsgreinar fela í sér vítt svið og fjölmargar námsgreinar, s.s. sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði.

Viðfangsefni vetrarins verða einkum: Norðurlöndin, Íslandssaga 870-1520, þættir úr trúarbragðafræði.

Námsefni: Norðurlöndin, Sögueyjan 1. hefti. Kortabók, handbækur og efni af vef.

Í lífsleikni munum við vinna út frá uppeldistefnunni Jákvæður agi sem verið er að taka upp hér í skólanum. Grunnhugsun Jákvæðs aga er sú að við þróum með okkur samskipti innan skóla, í fjölskyldum og samfélaginu sem byggir á gagnkvæmri virðingu. Til að undirbúa þennan jarðveg vinnum við með og ræðum: bekkjarsáttmála, sjálfsstjórn, samskiptafærni, gagnkvæma virðingu, að efla samvinnu, mistök eru tækifæri til að læra, hvatningu, að virða fjölbreytileikann og að samfæra nemendur um gildi bekkjarfunda.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
--------------	----------	---------------------	-----

<p>Reynsluheimur</p>	<p>Sögueyjan 1</p> <p>Trúabragðafræði: Gyðingdómur.</p> <p>Norðurlöndin</p> <p>Lífsleikni – stuðst við hugmyndafræði uppeldisstefnunnar jákvæður agi</p>	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Rætt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.</li> <li>• Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi og þjóðfélagsshreyfingum.</li> <li>• Dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.</li> <li>• Sagt frá hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.</li> <li>• Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.</li> <li>• Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum Gyðingdóms . Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum.</li> </ul>	<p>Verkefni, tekin til mats. Stutt rafræn verkefni . Vinna í tímum einstaklings- og í hópastarfi metin.</p>
----------------------	--	--	---

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.</li> <li>• Lýst náttúruferlum , sem hafa áhrif á land og gróður.</li> <li>• Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.</li> </ul>	
Hugarheimur		<p>Að nemendi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.</li> <li>• Sett sér markmið í ýmsum viðfangsefnum.</li> <li>• Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.</li> </ul>	
Félagsheimur		<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðum.</li> <li>• Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi</li> </ul>	

		trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.</li> <li>• Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.</li> <li>• Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.</li> <li>• Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.</li> </ul>	
--	--	--	--

Námsgrein: Náttúrufræði

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Undir náttúrugreinar heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

Viðfangsefni vetrarins er Lífríki í fersku vatni , saga vísindanna, ljós, speglar og linsur, kraftar, vélar, mælingar og hljóð.

Námsefni: Auðvitað – Jörð í alheimi, Lífríkið í fersku vatni,

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Vinnubrögð og færni	Auðvitað – Jörð í alheimi.	Nemendur geti:	

	Lífríki í fersku vatni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.</li> <li>• Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.</li> <li>• Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur.</li> <li>• Sett fram og rætt niðurstöður athugana.</li> <li>• Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.</li> </ul>	<p>Verkefni, þátttaka og vinnuframlag nemenda metið af kennara.</p> <p>Próf úr köflunum. – svindlpróf – samvinnupróf og einstaklingspróf svo dæmi séu tekin.</p> <p>Vinnubrögð og skipulag vinnu í tímum metin.</p> <p>Símat kennara – jafningjamat og sjálfsmat.</p>
Gildi og hlutverk vísinda og tækni		<p>Nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræði við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu</li> </ul>	
Náttúra Íslands		<p>Nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra</li> </ul>	

		innbyrðis og við umhverfi sitt. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lýst ólíkum vistkerfum við Ísland</li> <li>• Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér.</li> </ul>	
Að búa á jörðinni		Nemendur geti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Útskýrt innibyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægurskiptum og því að ríminn líður.</li> </ul>	

## Námsgrein: Upplýsingatækni

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Upplýsingamennt er samvinnuð öllum námsgreinum en auk þess eru sérstök kennslustund einu sinni í viku ætluð til sérhæfðari verkefna. Þar verður m.a lögð áhersla á fingrasetningu og forritun.

Bent er á þjálfunaræfingar fyrir fingrasetningu á vef Menntamálastofnunar: <https://mms.is/krakkavefir> Fingrafimi og Fingraleikir

Hæfniviðmið/markmið



Nemandi geti:

- Nýtt upplýsingaver/bókasafn sér til gagns og/eða ánægju bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi.
- Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- Beitt rétttri fingrasetningu.
- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu
- Verið gagnrýninn á gæði upplýsinga
- Unnið með heimildir (7. bekkur vinnur með heimildaskráningu)
- Nýtt hugbúnað/forrit við uppbyggingu og uppsetningu ritsmiða og við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu.
- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.
- Sýnt ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðilegt gildi í samskiptum á Neti
- Tekið ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.
- Skilið grundvallaratriði sem liggja að baki forritun og notað einfaldar leiðir til að skrifa kóða.

## Námsgrein: Heimilisfræði

Bekkur: 5. – 7.

Kennsluáferðir og skipulag:

Í vetur munum við samþætta textílmennt, útikennslu og heimilisfræði.

Kennt er fjórðung skólaársins í 3x60 mínútna tímum á viku. Lögð inn ákveðin verkefni sem nemendur hafa svigrúm til að útfæra sjálfir innan vissra marka.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Heimilisfræðin byggir að mestum hluta upp á að vinna með	5. bekkur – Gott og gagnlegt 1 6. bekkur – Gott og gagnlegt 2	Nemandi getur:	Kennari metur og gefur umsögn:

einfaldar uppskriftir sem hægt er að galdra fram á klukkustund. Einnig eru bóklegir tímar þar sem unnið er í verkefnabókum. Mikið lagt upp úr góðri samvinnu og verkaskiptingu.  Við munum bæði elda og baka innahús sem og á eldstæði úti.	7. bekkur – Gott og gagnlegt 3	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði og sjálfstæði.</li> <li>• Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</li> <li>• Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.</li> <li>• Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.</li> <li>• Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubrögð</li> <li>• Samvinna</li> <li>• Virkni</li> <li>• Sjálfstæði</li> <li>• Afurð</li> </ul>
	Ýmsar uppskriftir		
	Maðurinn - Hugur og heilsa - Kaflinn: Matur og heilsa Þáttur um meltinguna.		

Námsgrein: Sjónlistir

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennt er þriðjung skólaársins í 3x60 mínútna tímum á viku. Lögð inn ákveðin verkefni sem nemendur hafa svigrúm til að útfæra sjálfir innan vissra marka.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Hugmyndavinna.	Töluvert lagt upp úr því að nemendur velji sér verkefni eftir	Að nemendur:	
Skapandi vinnuferli.			

Hönnun, sköpun og persónuleg útfærsla.	<p>áhuga, stundum innan ákveðinna marka. Áhersla á sköpun og nemendur hanni og útfæri verkefni sín sjálfir, að hluta eða öllu leyti. Samhliða kennd og þjálfuð notkun áhalda, tækja og efna sem notuð eru við verkefnin. Farið verður í bókina: Listasaga frá hellalist til 1900. Listavefurinn verður skoðaður.</p>	<p>- geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun          -unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.          - gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.          -gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnum myndlistar með því að bera saman stíla og tímabíl tiltekinnar verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköðuð</p>	<p>Nemendur fá einkunn fyrir frumleika og sköpun, útfærslu á eigin verkum, vinnubrögð og vinnusemi auk þess sem hvert verk er metið þegar það er tilbúið.</p>
Meðferð áhalda, tækja og efna.			
Meðferð lita			
Unnið með mismunandi efnivið.			

## Námsgrein: List og verkgreinar - Útikennsla

Bekkur: 5.-7.

Kennsluáferðir og skipulag:

Í vetur munum við samþætta textílmennt, útikennslu og heimilisfræði.

Kennt er þriðjung skólaársins í 3x60 mínútna tímum á viku. Kennd eru vinnubrögð sem nemendur hafa svigrúm til að útfæra sjálfir innan vissra marka. Áhersla er lögð á sköpun og tengingu við umhverfið.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Hugmyndavinna. Unnið við útikennslusvæði	Töluvert lagt upp úr því að nemendur velji sér verkefni eftir því hvað er verið að vinna að hverju sinni.	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• læri að bjarga sér í náttúrunni</li> <li>• Hugsi um hönnun á umhverfi.</li> <li>• Taki tillit til umhverfisins</li> </ul>	Nemendur fá einkunn fyrir frumleika og sköpun, útfærslu á eigin verkum, samvinnu, vinnubrögð og vinnusemi.

	<p>Áhersla á sköpun og nemendur hanni og útfæri verkefni sín sjálfir, að hluta eða öllu leyti. Samhliða kennd og þjálfuð notkun áhalda og tækja Hvað þarf til, til að bjarga sér úti í náttúrunni</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinni með náttúrulegefni</li> <li>• Læri að beita áhöldum og réttum vinnubrögðum við vinnuna.</li> <li>• Eflist í samvinnu og læri að meta hvað þarf til ?????</li> </ul>	<p>Auk þess sem hvert verk er metið þegar það er tilbúið.</p>
--	---	--	---

## Námsgrein: List og verkgreinar - Textílmennt

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í vetur munum við samþætta textílmennt, útikennslu og heimilisfræði.

Kennt er þriðjung skólaársins í 3x60 mínútna tímum á viku. Kennd eru vinnubrögð sem nemendur hafa svigrúm til að útfæra sjálfir innan vissra marka. Áhersla er lögð á sköpun og tengingu við áhugasvið nemenda ef þess er nokkur kostur.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Handverk aðferðir og tækni	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar</li> <li>• fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefum</li> </ul>	<p>Vinnubrögð metin af kennara og hvernig gengur að fara eftir fyrirmælum.</p> <p>Umsögn að lokinni lotu.</p>
Sköpun, hönnun og útfærsla	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli</li> <li>• notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textílverka</li> <li>• nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.</li> </ul>	
Menning og umhverfi	Nemandi geti:	

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni</li> <li>• gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna</li> <li>• gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.</li> </ul>	
--	--	--

Námsgrein: List og verkgreinar - Smíðar

Bekkur: 5. – 7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Markmið námsins er meðal annars að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfra einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Handverk	Nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.</li> </ul>	Vinnubrögð og natni metin af kennara.
Hönnun og tækni	Nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.</li> <li>• Lesið einfalda teikningu og unnið eftir henni.</li> </ul>	Hvert verkefni sem unnið er, er metið sérstaklega og vinnuferli þess.
umhverfi	Nemandi geti:	

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.</li> <li>• Gert sér grein fyrir hvort efni eru hættuleg eða ekki.</li> <li>• Útskýrt réttar vinnustellingar og vali viðeigandi hlífðarbúnað.</li> </ul>	
--	--	--

Námsgrein: Íþróttir

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Markviss hreyfiþjálfun sem felst í að efla líkamlega þætti eins og þol til að takast á við langtíma álag, líkamsstyrk og jafnvægi til að takast á við hámarksátök og kyrrstöðuálag, liðleika sem tekur til hreyfanleika og hreyfivíddar í liðamótum.

Grunnþjálfun sem þessi felst í fjölbreyttum leikjum með og án bolta. Vinna sem einstaklingar, pör og hópur. Stöðvapjálfun og hópavinna einnig algengt kennsluform. Farið verður vel yfir þær íþróttagreinar sem hægt er að stunda á svæðinu og mun hver grein vera þema í 1 – 2 vikur í senn.

Námsefni:

Útiíþróttir(eins og veður leyfir): Gönguferðir, leikir með og án bolta og hreyfiþrautir.

Inniíþróttir: Áhöld sem þarf fyrir það viðfangsefni sem tekið er fyrir hverju sinni.

Námsmat:

Felst í umsögnum á annarskilum um áhuga, virkni í tímum, framförum, hegðun nemenda.

Kennari framkvæmir stöðumat til að fylgjast með stöðu nemenda auk þess að geta fylgst með hvort framfarir eigi sér stað.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
Hreyfipjálfun sem felst í leikjum með og án bolta, færni, þol og styrkur. Stöðvápjálfun.	Markmiðið er að nemandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ öðlist jákvæða reynslu til hreyfingar og hollra lífshátta.</li> <li>➤ geti gert æfingar sem reyna á þol, styrk, jafnvægi og liðleika.</li> <li>➤ geti framkvæmt æfingar sem reyna á snerpu, lipurð og samhæfingu útlíma og bols.</li> <li>➤ geti sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.</li> <li>➤ geti tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta líkamsástand.</li> <li>➤ upplifi ánægju af eigin framförum.</li> <li>➤ sé meðvitaður um mikilvægi hreyfingar</li> </ul>

## Námsgrein: Sund

Bekkur: 5.-7.

### Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennsla fer fram í sundlauginni á Laugum einu sinni í viku. Áhersla lögð á helstu sundaðferðir, marvaða, stungur ásamt leikjum.

### Námsefni:

5.sundstig.

6.sundstig.

7.sundstig

### Námsmat:

Verklegt próf samkvæmt sundstigi undir lok vors. Kennari gefur nemanda vitnisburð sem inniheldur sundgetu á prófi og einnig um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið
<p><b>5.bekkur:</b> Bringusund, skólabaksund, skriðsund, baksund, stunga, kafsund, marvaði og flugsundsfótatök. Leikur í vatni.</p> <p><b>6.-7.bekkur.</b> Bringusund, skólabaksund, skriðsund, baksund, kafsund, flugsund og björgunarsund með jafningja. Stunga og leikur í vatni.</p>	<p>Markmiðið er að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sjálfum sér og öðrum.</li> <li>➤ að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt.</li> <li>➤ þreyti sundpróf til að veita skólanum og skólayfirvöldum gott yfirlit yfir sundgetu nemanda hvers árgangs.</li> <li>➤ geti synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.</li> <li>➤ geri sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og geti tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.</li> </ul>


Námsgrein: Tónlist

Bekkur: 5. – 7.

Kennsluáferðir og skipulag:

Kenndar eru 2 sinnum 40 mín. á viku í tónmennt og er hópnun fjórskipt þar sem einn hluti hópsins er í marimbakennslu annan tímann á meðan hinir eru í hefðbundinni tónmennt, en stundum er allur hópurinn saman í verkefnum.



Viðfangsefni		Mat
Marimba/Djembé	Nemendur Kynnist afrískri tónlistarmenningu og þjálfist í leik á Marimba og djembé.	
Tónmennt	Mikið verður unnið með taktskyn og hrynn, m.a. með leik á einföld skólahljóðfæri og einnig hefðbundin hljóðfæri. Skyggst verður inn í tónlistarsögu liðinna alda en ekki síður í sögu dægurtónlistar á 20. öldinni og þekkt tónskáld og tónlistarmenn kynntir til sögunnar. Jafnframt verður sköpunargáfa nemenda sjálfra virkjuð í tónsmíðum.	Í tónlist er fyrst og fremst lagt mat á áhuga og virkni nemenda.

## Námsgrein: Kór

Bekkur: 5. – 7.

### Kenntuáferðir og skipulag:

Kenndar eru 1 sinni 40 mín. á viku með unglingastigi

Viðfangsefni		Mat
Lög úr ýmsum áttum í einni, tveimur eða þremur röddum með eða án undirleiks.	Hver kennslustund hefst á upphitunaræfingum sem losa um raddir nemenda. Einnig eru reglulega gerðar raddæfingar sem stuðla að betri tónheyrn og meira öryggi í rödduðum söng. Nemendur syngja lög í einni til þremur röddum. Í kór þjálfast nemendur í raddbeitingu, framkomu og fjölradda kórsöng með eða án undirleiks sem reynir á einbeitingu og tónheyrn eigi árangur að nást.	Í kór er fyrst og fremst lagt mat á áhuga og virkni nemenda.